

Nd.

200. Frumvarp til laga

[134. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 2½% skatt af fob-verði allra vara, sem framleiddar eru á árinu 1960 og fluttar eru úr landi til sölu frá 20. febrúar 1960. Af niðursoðnum sjávarvörum fluttum út eftir 15. desember 1960 skal þó skattur þessi nema ½% af fob-verði.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. taka ekki til vara, sem samkvæmt vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum a—b.

Fé það, sem verður afgangur í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum b, c og f, skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. mgr. þessarar gr. af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenskra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa, samkvæmt 4. málsg. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru lög nr. 53 14. júní 1960 jafnframt úr gildi felld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efnisbreytingar þær, sem frumvarp þetta ráðgerir á 8. gr. laganna um efnahagsmál, nr. 4 20. febrúar 1960, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1960, eru, að útflutningsskattur skuli innheimtur af vörum, sem framleiddar eru fyrir 1. janúar 1961, en falla niður af vörum, sem framleiddar verða eftir þann tíma. Þá er útflutningsskattur af niðursuðuvörum lækkaður í ½% af fob-verði, bæði vegna verðlækkunar þessara vara erlendis og svo vegna þess, að hér er um að ræða mikið unna vöru í dýrum umbúðum. Enn fremur er heimilað að verja eftirstöðvum útflutningssjóðs, þegar allar skuldir hafa verið greiddar, til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa fyrir árið 1960.

Aðalfundur Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem haldinn var í fyrra mánuði, lét í ljós ósk um þetta síðastnefnda atriði og verður að telja eðlilegt, að sú ósk verði tekin til greina, að því leyti sem um er að ræða fé, sem útvegurinn hefur sjálfur lagt til.